

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, geðveikralæknir Þórður Sveinsson, greiði stefnda, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. dag júnímán.

Nr. 3/1911:

Ólafur Björnsson
gegn
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r:

Í grein með fyrirsögn »Glæsilegir merkisberar« í blaðinu Ísafold, 37. árg. 57. tbl., sem út kom 3. sept. f. á., gjörði ritstjórinn, áfrýjandi þessa máls, Ólafur Björnsson, að umtalsefni meiðyrðamál, er hann hafði höfðað gegn stefnda, Jóni Ólafssyni alþingismanni, út af ummælum áfrýjanda í blaðinu Reykjavík 30. nóv. 1909. Tjáist hann hafa gjört ráðstöfun þegar sama daginn sem ummælin birtust til að draga mannorðsskemminn (σ: stefnda) fyrir lög og dóm, skýrði frá úrslitum málsins, að stefndi hefði verið dæmdur í 80 króna sekt og meiðyrðin ómerkt, og bætti síðan við, að stefndi hefði þá hér gjört illkvitna árás á einkahagslíf manns með því að skrökva upp frá rótum mannorðsskemmandi ærumeiðingum, sem ekki

hafi verið nokkur fótur fyrir; og síðar segir í greininni, að ekkert hafi það framkomið í málinu, er gefi ástæðu til að ætla annað, en að þessum mannorðsmeiðingum í garð áfryjanda hafi í Reykjavíkinni verið skrökvað vísvitandi frá rötum.

Út af þessum o. fl. ummælum í Ísafoldargreininni höfðaði stefndi mál þetta gegn áfryjanda og krafðist refsingar á hendur honum og ómerkingar á þessum ummælum: »mannerðsskemmi«, »skrökva upp frá rötum mannorðsskemandi ærumeiðingum«, »skrökva vísvitandi upp frá rötum« og nokkrum fleiri orðum. Lauk því máli svo á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 15. des. f. á., að áfryjandi var dæmdur í 30 króna sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og í 15 kr. málskostnað til stefnda; svo voru hin tilvitnuðu ummæli dæmd dauð og ómerk. Dómi þessum hefir nú áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. febr. þ. á. (í stefnunni er dagsetning dómsins talin 22. des. f. á., en þetta virðist mega telja ritvillu) og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega syknadur, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer, en stefndi krefst, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Syknarkröfu sinni til stuðnings heldur áfryjandi því aðallega fram, að hin átöldu ummæli eigi við rök að styðjast, séu sönn. Stefndi hafi með Reykjavikurgreininni skemt mannorð áfryjanda og hafi því verið heimilt að nefna hann »mannerðsskemmir«. Stefndi hafi þózt ætla að sanna með vitnaleiðslu, að ummæli greinariunar væru sönn, en það hafi farið svo, að sannast hafi að

þeim var skrökvað upp frá rótum, og stefndi hafi eigi heldur tilgreint neinn sögumann, eða reynt að sýna fram á, að ummælunum hafi verið skrökvað upp af öðrum, og verði eigi frekari sannana krafist til þess að orðin »skrökva upp frá rótum« o. s. frv. og »skrökvað vísvitandi upp frá rótum« séu fyllilega réttlætt.

Það virðist nú eigi vera ástæða til að skilja svo orðið »mannorðsskemmir« að það eigi að vera almenn lýsing eða einkening á stefnda, en eftir sambandinu er það viðhaft að eins út af meiðyrðunum, er getur um í greininni og stefndi var dæmdur fyrir. En í því sambandi verður þetta orð eigi talið óréttmætt, og þá eigi heldur saknæmt að lögum. Þar á móti hefir áfrýjandi eigi réttlætt þann áburð á stefnda, að hann hafi skrökvað upp frá rótum eða vísvitandi ummælum um áfrýjanda, er hann var dæmdur fyrir, því að þó að stefnda tækist eigi að sanna þau, eða tilgreina sögumann að þeim, verður ekki staðhaft að hann hafi ekki haft ástæðu til að ætla, að honum mundi takast það. Með því að áburður þessi er ærumeiðandi, verður að dæma hann dauðan og ómerkari og sekta áfrýjanda fyrir hann samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og þykir sektin hæfilega metin 20 krónur og greiðist í landssjóð, en til vara sæti áfrýjandi 4 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd á réttum tíma. Um málskostnað fyrir undirrétti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli um stefnda Jón Ólafsson alþingismann eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi

Ólafur Björnsson ritstjóri greiði 20 kr. sekt í lands-
sjóð, eða sæti 4 daga einföldu fangelsi ef sektin er
eigi greidd á réttum tíma. Um málskostnað fyrir
undirrétti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Nr. 12/1911:

Réttvísín

gegn

Friðrik Jónssyni.

D ó m u r.

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu uppkveðnum
21. febrúar þ. á. var ákærði Friðrik Jónsson skósmiður á
Sauðárkrók dæmdur samkvæmt 240. gr. alm. hegningar-
laga 25. júní 1869, sbr. við tilsk. 8. sept. 1841, fyrir að
afmarka og selja óleyfilega á, er annar maður átti, til að sæta
4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af
málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal
málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði Jónasar hrepps-
nefndarmanns Sveinssonar á Sauðárkrók 6 krónur. En
dómi þessum hefir, eftir ósk hins dómfelda, verið skotið
til yfirdómsins.

Síðastliðið haust þóttist Sigurður bóndi Jónsson í
Litlugröf í Staðarhreppi þekkjja á, er hann átti, í rétt
verzlunar einnar á Sauðárkrók, og var ærin nýlega afmörk-
uð undir mark Michelsens nokkurs úrsmíðs þar í verzl-
unarstaðnum, en leifar af marki Sigurðar bónda voru enn